UMF SELFOSS 1936










# Handboltablað SELFOSS

Tímarit handknattleiksdeildar Umf. Selfoss – desember 2020 – Upplag 3.500 – Frítt eintak




GETRAUNANÚMER SELFOSS
800
UMF SELFOSS 1936
1X2
GETRAUNIR.IS

**Handboltablað SELFOSS**

**Útgefandi:** Handknattleiksdeild Selfoss, desember 2020.
**Ábyrgðarmaður:** Þorsteinn Rúnar Ásgeirsson.
**Ritstjórn:** Einar Sindri Ólafsson, Örn Guðnason og Þorsteinn Rúnar Ásgeirsson.
**Ljósmyndir:** Árni Þór Grétarsson, Einar Sindri Ólafsson, Jóhannes Ásgeir Eiríksson, Mummi Lú o.fl.
**Forsíðumynd:** Meistaraflokkur karla eftir sigurleik gegn FH í október 2020. Mynd: Vilius Rasimas og Daníel Karl Gunnarsson
**Prentun:** Ísafold.

# Endasleppt handboltaár

Nú ætti keppnistímabilið í handbolta að nálgast að verða hálfnað, - við eðlilegar aðstæður. En þetta ár hefur ekki verið eðlilegt, hvorki í handbolta né lífinu sjálfu.

Keppni á Íslandsmótum fullorðinna var frestað um miðjan mars og síðan aflýst mánuði síðar þegar útséð varð um að þau yrðu kláruð vegna Covid. Hið sama gilti um mót og keppnir yngri flokka sem var aflýst í mars. Í júní tókst þó að kalla saman yngstu flokkana og taka lokamót þegar aðeins slaknaði á sóttvarnarráðstöfunum. Á vormánuðum voru þjálfarar og leikmenn duglegir að halda starfinu gangandi úr fjarlægð, boðið var upp á sýnikennslu og heimaæfingar. Til að vega upp á móti lokunum og truflunum var boðið upp á æfingar út júní og byrjað aftur síðla í ágúst. Ótrúlega vel tókst til en því miður er eitthvað um iðkendur sem ekki héldu áfram eftir þessa truflun. Árangur yngri flokkanna var mjög góður að vanda þótt ekki tækist að klára mótin og ljóst að við eigum áfram stóran hóp efnilegra barna og unglinga sem sinna íþróttinni af miklum áhuga.



*Þórir Haraldsson.*

Gæfunni var misskipt þegar Íslandsmótunum var aflýst. Því miður varð hlutskipti kvennaliðsins að geta ekki gert atlögu að sæti í efstu deild, eins og þær áttu möguleika á. Þetta leiddi til þess að burðarásar í liðinu fóru annað og í haust mætti til leiks í Grilldeildinni ungt lið heimastúlkna með liðsstyrk tveggja erlendra leikmanna sem komu hingað frá Noregi. Markmiðið er að tryggja sér aftur sæti í efstu deild. Stjórn og stuðningsmenn kvennaliðsins eru einhuga um að standa bak við meistaraflokk kvenna því Selfoss getur og á að eiga kvennalið í fremstu röð, uppeldisstarf deildarinnar mun skila því þó nú séu nokkur ár sem þarf að brúa.

Karlalið félagsins endaði í 5. sæti en er áfram ríkjandi Íslandsmeistarar, annað árið í röð. Okkur munar um að Haukur Þrastarson, besti leikmaður Olísdeildarinnar, flutti sig í sumar á stærra svið, í atvinnumennsku hjá Kielce. Við óskum Hauki að sjálfsögðu góðs gengis þar ytra og er þetta enn ein staðfesting góðs starfs deildarinnar. Þá hefur Guðni Ingvarsson lagt skóna á hilluna (í bili) og við þökkum honum fyrir hans starf hingað til. Í haust mætti liðið af hörku til leiks og byrjaði haustið af krafti. Gaman að sjá Guðmund Hólmar koma sterkan inn og ásamt Atla Ævari, línumanninum knáa, í 35 manna æfingahóp A-landsliðsins fyrir HM í Egyptalandi. Ásamt meistaraflokki heldur deildin nú úti tveimur ungmennaliðum eftir að Selfoss U sigraði 2. deild karla í vor og vann sig þar með upp í Grill 66 deildina. Þar er vettvangur fyrir tugi leikmanna sem vilja æfa handknattleik á hæsta getustigi með keppni að leiðarljósi.

Undirbúningur sumarsins gekk ágætlega en mótahald haustsins markaðist af truflunum vegna samkomutakmarkana og sóttvarnaráðstafana þar til leikir og mótahald var í raun stöðvað í byrjun október og ekki útlit fyrir framhald fyrr en á nýju ári.

Helstu breytingar á þjálfarahópnum er að máttarstólpinn Grímur Hergeirsson ákvað að endurnýja ekki samning sinn og í hans stað var Halldór Jóhann Sigfússon ráðinn þjálfari meistaraflokks karla og yfirmaður handboltaakademíu. Örn Þrastarson er áfram þjálfari meistaraflokks kvenna, ásamt því að vera yfirþjálfari U-liða og 3. flokks. Þá heldur Rúnar Hjálmarsson utan um alla styrktarþjálfun deildarinnar, bæði yngri flokka og afreksíþróttamanna. Því miður gátu þeir Gísli Rúnar Guðmundsson og Helgi Hlynsson ekki haldið áfram markmannsþjálfun í vetur líkt og á síðasta tímabili. Vilius Rasimas, markmaður meistaraflokks karla, sér nú um markmannsþjálfun yngri flokka.

Við eigum fjölda landsliðsmanna í landsliðum fullorðinna og er óþarfi að telja þá sérstaklega upp, þeir verða margir hverjir á stóra sviðinu í Egyptalandi nú í janúar. Í yngri flokkunum eigum við fjölda efnilegra landsliðsmanna sem eiga eftir að láta að sér kveða á komandi árum.

Samkomutakmarkanir, niðurfellingar leikja, úrslitakeppni og móta hafa haft alvarleg áhrif á fjárhag deildarinnar sem var að komast í býsna gott horf. Opinber stuðningur hefur komið til hjálpar en ekki nægilega hratt nú þegar engar tekjur hafa komið af áhorfendum í 9 mánuði á árinu og margir stuðningsaðilar eiga sjálfir í vandræðum. Stuðningsmenn hafa lagt sitt af mörkum og væntanleg er viðbótar opinber aðstoð sem við vonum að muni hjálpa deildinni yfir erfiðasta hjallann.

Í árslok vil ég þakka traustum stuðningsaðilum deildarinnar fyrir stuðninginn á árinu, stjórnarfólki, iðkendum og þjálfurum fyrir gott samstarf en sérstakar þakkir fá sjálfboðaliðarnir sem enn sem fyrr bera starfið uppi. Gleðileg jól, með von um farsæld á nýju ári.

*Þórir Haraldsson, formaður.*
*handknattleiksdeildar Umf. Selfoss*

# Efnisyfirlit




**8 HÓPURINN ER FRÁBÆR, GRÍÐARLEGA VINNUSAMUR OG MIKILL HUGUR Í MÖNNUM**
Viðtal við Halldór Jóhann Sigfússon, þjálfara meistaraflokks karla






**4 ELVAR ÖRN JÓNSSON**
Selfyssingur í atvinnumennsku





**40 SELFOSS TV**
Eitt elsta félagssjónvarp landsins

**2 ENDASLEPPT HANDBOLTAÁR**
Leiðari formanns deildarinnar

**6 ROSALEGA GEFANDI OG SKEMMTILEGT AÐ STARFA Í KRINGUM ÞETTA**
Sjálfboðaliðarnir Gummi og Sigga

**12 STEFNI Á AÐ VERA KLÁR NÆSTA HAUST**
Haukur Þrastarson

**14 COVID-19 FARALDURINN HEFUR HAFT MIKIL ÁHRIF Á ÍÞRÓTTASTARF**
Þórir - Einar - Auður

**16 LOKAHÓF**
handknattleiksdeildar 2020.

**19 NÝIR LEIKMENN SELFOSS**
Sveinn Aron, Guðmundur Hólmar, Vilius, Ivana og Lara.

**22 BÓNUSMÓTIÐ OG LANDSBANKAMÓTIÐ**

**25 MEISTARAFLOKKUR KVENNA 2020–2021**

**28 MEISTARAFLOKKUR KARLA 2020–2021**

**34 LOKAHÓF HANDBOLTAAKADEMÍUNNAR OG 3. FLOKKS**

**36 TRYGGVI OG TINNA SIGURRÓS**

**38 RAGNARSMÓTIÐ 2020**

**40 SELFOSS TV**

**42 DRAUMALIÐIÐ**
Guðrún Herborg og Sigurður Þór

**44 SOFTBALLMÓT SELFOSS**

**48 LANDSLIÐSFÓLK SELFOSS FRÁ UPPHAFI**
Flestir leikir og flest mörk


TRS ER LÖGGILTUR RAFVERKTAKI.
TÖKUM AÐ OKKUR ALLAR ALMENNAR RAFLAGNIR
TRS
Ein heild í þínu þágu




# Skalli

*Sá svalasti í bænum*

## Stór pizza með þremur áleggstegundum á aðeins 1.449 kr. alla daga í desember

www.skalli.is - facebook.com/skalliselfossi - Sími 483 1111







## ELVAR ÖRN JÓNSSON

# Selfyssingur í atvinnumennsku

Eftir ógleymanlegt tímabil á Selfossi, sem endaði með Íslandsmeistaratitli, hélt Elvar Örn út í atvinnumennsku til Skjern. Það hafði verið ljóst í lok árs 2018 en skömmu áður hafði Patrekur Jóhannesson þjálfari samið við danska liðið. Þar hitti Elvar fyrir landsliðsmarkvörðinn Björgvin Pál Gústavsson.

Elvar hefur verið öflugur fyrir Skjern frá því hann kom þrátt fyrir þjálfarabreytingar og fleira. Hann hefur skorað 58 mörk í 14 leikjum það sem af er tímabilinu og er með 17 stoðsendingar. Þá var hann einnig valinn félagsmaður októbermánaðar hjá liðinu. Skjern situr nú (í byrjun desember) í 5. sæti dönsku deildarinnar með 17 stig eftir 15 umferðir, en deildin er nokkuð jöfn.

Við ræddum við Elvar um lífið í Skjern, jafnt innan vallar sem utan.

**Hvernig er liðið og fólkið eða bara lífið í Skjern?**
Við Þuríður, kærasta mín, höfum það mjög gott hér í Skjern. Liðið er búið að yngjast nokkuð frá því í fyrra. Við erum búnir að fá nokkra góða unga leikmenn og hópurinn hefur stækkað og þar af leiðandi höfum við getað æft meira.

**Hvað varð til þess að þú valdir Skjern á sínum tíma?**
Ég taldi þetta vera rétt skref fyrir mig, þ.e. að fá stórt hlutverk og svo er allt í kringum liðið tipptopp. Þeir gera allt fyrir mig og mína nánustu. Svo skemmdi ekki fyrir að Bjöggi (Björgvin Páll Gústavsson) hafi verið hér og að Patti myndi byrja að þjálfa liðið.

**Hvað stendur upp úr á ferlinum hingað til?**
Það er Íslandsmeistaratitillinn sem við unnum á Selfossi og svo líka þegar við fórum upp í Olísdeildina. Svo man ég alltaf eftir því þegar við spiluðum við Þýskaland í Köln á mínu fyrsta stórmóti með landsliðinu, fyrir framan fulla höll af Þjóðverjum.

**Hvernig var það að enda tímabilið hér heima á titli með uppeldisfélaginu?**
Það gat bara ekki endað betur. Það var alltaf markmiðið að vinna titil með Selfossi. Auðvitað horfi ég til baka á þennan tíma, þetta var æðislegur tími með frábæru fólki og leikmönnum. Ég er gríðarlega stoltur af því að hafa spilað með Selfossi og tekið þátt í uppbyggingunni, alveg frá því að við vorum í fyrstu deildinni og þangað til við urðum Íslandsmeistarar. Ég er einnig mjög þakklátur fyrir alla þá sjálfboðaliða og styrktaraðila sem voru með okkur allan þennan tíma og stóðu með okkur í gegnum súrt og sætt.

**Hver er helsti munurinn á boltanum heima á Íslandi og í Danmörku?**
Leikurinn er mun hraðari hér í Danmörku. Einnig er markvarslan yfirhöfuð mun betri. Svo er minni munur á lakari liðunum og toppliðunum.




**Hvernig hefur Skjern-liðinu gengið í vetur?**
Okkur hefur gengið upp og niður. Við byrjuðum tímabilið ekki nógu vel og svo kom smá niðursveifla í nóvember, en annars höfum við verið að spila vel. Við viljum vera að berjast í toppbaráttunni. Eins og staðan er í dag erum við fyrir neðan væntingar en það er nóg eftir af tímabilinu. Svo erum við komnir í Final 4 í bikarkeppninni sem við náðum ekki í fyrra.

**Hvað lærðir þú helst í handboltaakademíunni á Selfossi?**
Hún hjálpaði mér m.a. að vinna með úlnliðinn og skottæknina, ásamt finntum. Einnig byrjaði maður að lyfta og læra tæknina í lyftingunum en það er búið að færa það á næsta „level“ í dag. Svo má ekki gleyma að ég er þrefaldur streetball-meistari í akademíunni.

**Aðeins að landsliðinu. Hvernig horfir þú til baka á EM í janúar?**
Ég tek það jákvæða úr því. Við komumst upp úr okkar riðli sem var mjög sterkur. Einn slakur hálfleikur á móti Ungverjum var dýrkeyptur fyrir okkur, en það fer í reynslubankann. Ég fékk að spreyta mig í nýju hlutverki varnarlega sem þristur, sem var mjög skemmtilegt.

**Hvernig er að vera með svona mörgum Selfyssingum í landsliðinu, þar af fyrrum liðsfélögum þínum Teiti og Hauki?**
Alveg magnað, það sýnir bara hversu gott unglingastarf og meistaraflokksstarf Selfoss hefur.

**Hvaða möguleika telurðu að íslenska liðið eigi á HM núna í janúar 2021?**
Ég tel að við séum með mjög gott lið. Margir af okkur ungu strákunum eru að fara á sitt annað eða þriðja stórmót. Fyrsta markmið er auðvitað að komast upp úr riðlinum og svo sjáum við hvað gerist eftir það.

**Hvernig sérðu framtíðina hjá landsliðinu?**
Líst mjög vel á strákana og hef virkilega sterka trú á liðinu. Við viljum vera að keppa við bestu þjóðir í heimi.

**Hvert stefnir þú á þínum ferli?**
Ég stefni á að spila með bestu liðum í heimi og vinna þá titla sem í boði eru. Einnig að ná langt með landsliðinu.



UMF SELFOSS 1936

**Selfoss**
2013–2019

SKJERN HÅNDBOLD

**Skjern**
2019–



# VIÐ SELJUM FASTEIGNIR

Sími 483-5800

byr@byrfasteign.is

www.byrfasteign.is



Elín Káradóttir,
löggiltur fasteignasali

byr
fasteignasala

# ROSALEGA GEFANDI OG SKEMMTILEGT AÐ STARFA Í KRINGUM ÞETTA

**Systkinin Guðmundur Árnason og Sigríður Árnadóttir hafa verið dyggir stuðningsmenn handboltans á Selfossi um árabil og unnið öflugt starf sem sjálfboðaliðar. Þau voru meira en til í að svara nokkrum laufléttum spurningum.**




*Gummi og Sigga á góðri stund í Hleðsluhöllinni þegar Selfoss tryggði sér Íslandsmeistaratitilinn.*

*Í hverju hefur starf ykkar sem sjálfboðaliðar fyrir handboltann á Selfossi aðallega verið fólgið?*

**GÁ** Fyrir 10–12 árum spurði Hulda Finnlaugs mig hvort ég væri ekki að fara í bæinn á leik og hvort ég gæti tekið nesti handa strákunum. Síðan þá hef ég farið með nesti handa „strákunum mínum" á flesta útileiki. (Jobbi (Jósef Geir Guðmundsson )er mér innan handar. Takk Jobbi). Svo fá þeir líka nesti í klefann á heimaleikjum. Við Sigga sjáum svo um kaffi í hálfleik fyrir þá sem hafa gullkort og að leikslokum fyrir leikmenn, starfsfólk, dómara, aðstandendur o.fl. Þetta væri ekki hægt nema af því að það er frábært fólk sem styrkir okkur í þessu.

**SÁ** Gummi bróðir húkkaði mig inn í þetta fyrir einhverjum 10–12 árum, að sjá um kaffi eftir leik fyrir leikmenn og þjálfara og ég hef verið í þessu síðan. Þetta hefur aðeins undið upp á sig og núna erum við líka með kaffi í hálfleik eins og Gummi nefndi. Þetta byggist á velvilja fyrirtækja á staðnum. Annars gætum við ekki þetta ekki. MS gefur okkur Hleðslu og Kókómjólk, HP gefa okkur snúða og kleinur, Almar bakari bakkelsið í lok dags á leikdegi, en Bubba og Guðni í Guðnabakarí gáfu okkur allt bakkelsið hér áður fyrr (Takk fyrir allan stuðninginn í gegnum árin Bubba). Síðan er styrktaraðili sem borgar Bónusreikninginn en þar fáum við djús, kaffi o.fl.

*Hver voru ykkar fyrstu kynni af handbolta?*

**GÁ** Ég man nú ekki eftir fyrstu kynnum. Handbolti hefur einhvern veginn alltaf verið til staðar hjá mér.

**SÁ** Ég bara man ekki eftir öðru en að ég hafi fylgst með handbolta. Þetta er íþrótt sem hefur bara einhvern veginn alltaf heillað mig.

*Hafið þið sjálf verið í handbolta?*

**GÁ** Ég æfði upp í meistaraflokk. Hætti eftir undirbúningstímabil hjá Dadú Guðmundi Magnússyni þegar ég var að verða 17 ára. Síðan var farið á trommurnar og í Mjaltavélina. Síðan hef ég tekið þátt í þessu í gegnum strákana mína. Árni minn var t.d í liðinu þegar þeir unnu sér sæti í efstu deild.

**SÁ** Ég, eins og margir prufaði þetta sem unglingur. Það átti samt betur við mig að vera á áhorfenda pöllunum.

*Hafið þið verið í stjórn handboltans eða öðrum íþróttum og þá hvenær?*

**GÁ** Ég var fyrir langa löngu í stjórn Hestamannafélagsins Sleipnis, en ekki í öðru.

**SÁ** Nei, ég hef ekki verið í stjórn handboltans eða öðrum íþróttum. Maður hefur bara tekið virkan þátt í starfinu í gegnum börnin sín en þau voru bæði í boltanum.

*Hvað er svona skemmtilegt við þessa íþrótt?*

**GÁ** Handboltasamfélagið á Selfossi er alveg einstakt. Þetta er eins og ein stór fjölskylda. Það er rosalega gefandi og skemmtilegt að starfa í kringum þetta. Svo er handbolti bara svo skemmtilegur, mikið um að vera og mikill hraði, stress, spenna og allt að springa. Og Selfoss vinnur með einu marki eins og góður maður sagði einu sinni.

**SÁ** Allt líf okkar fjölskyldunnar hefur lengst af nánast snúist um handbolta. 1992 kynntist ég manninum mínum sem spilaði með hinni frægu „Mjaltavél". Þá var ekki aftur snúið, ég hef lifað og hrærst í handbolta síðan. Svo tóku börnin við og æfðu og spiluðu. Nú er enginn frá mér í handbolta en ég get ekki slitið mig frá þessu, þetta er handboltafjölskyldan mín.

*Hverning var upplifunin í Iðu þegar Selfoss vann Íslandsmeistaratitilinn?*

**GÁ** Ég var alveg að fara yfir um í þessu einvígi. Þegar fór að síga á seinnihlutann í lokaleiknum fór ég í eitthvað „Zone". En þegar bikarinn kom yfir brúna vaknaði minn maður. Ég fæ enn gæsahúð og tár í augun að hugsa um þá stund. GEGGJAÐ og allt samfélagið með.

**SÁ** Það er nú bara allt í móðu. Þetta tók nokkurn tíma að „sinka" inn. Ég var alveg dofin, hló, grét, titraði og skalf og var bara einhvern veginn svo yfirnáttúrulega hamingjusöm. Það var ekki fyrr en þegar rútan kom yfir brúna að þetta varð raunverulegra. Þetta var bara svo GEGGJAÐ ég fæ meira að segja gæsahúð við að rifja þetta upp þegar ég skrifa þetta.

*Hvernig sjáið þið framtíð handboltans á Selfossi?*

**GÁ** Framtíðin er björt hérna. Reyndar eru árgangarnir svolítið misstórir í yngri flokkunum. Við eigum marga atvinnumenn héðan og það er draumur minn að þeir komi heim og spili hér og leiðbeini öðrum með sinni reynslu. Þá er þetta allt að virka með akademíunni og þannig leikmönnum.

**SÁ** Ég helda að framtíðin sé björt en við þurfum að huga vel að okkar iðkendum, ekki síst núna eftir þetta Covid-ástand. Við eigum svo mikið að efnilegu handboltafólki. Við erum stórveldi í handbolta og viljum vera það áfram. Þar eigum við heima og hvergi annars staðar.

PS. Við systkinin viljum svo koma á framfæri þakklæti til allra þeirra sem styrkja okkur og gera starfið framkvæmanlegt .




BÍLALEIGA AKUREYRAR Höldur | Europcar
Þínar þarfir - okkar þjónusta

Hafðu bílamálin einföld og þægileg.

LANGTÍMALEIGA

Langtímaleiga er hagkvæmur kostur í bílamálum. Leigutími er frá 3 að 36 mánuðum. Innifalið er tryggingar, bifreiðagjöld, reglubundnar þjónustuskoðanir, smurþjónusta og dekkjaskipti. Um leið ert þú laus við alla endursöluáhættu og fjármagnsbindingu.

www.langtimaleiga.is

Afgreiðslustaðir um land allt • Aðalnúmer 461 6000

Reiðhjólaverzlunin Berlin

AB Varahlutir - ALLTAF BETRI 577-2111 Gagnheiði 34 Selfossi

Landbúnaðarháskóli Íslands

Hofland Eatery

Flóra Garðyrkjustöð

Fagform

Almar Bakari Sérbakað fyrir þig

Síminn






Snjallúr frá STRAND

17.900,-









7.695,-

GEORG JENSEN

ESTABLISHED 1904




## Vissir þú

að á Selfossi er ein stærsta úra- og skartgripaverslun landsins?




## Leitaðu ekki langt yfir skammt

# Jólagjöfina færðu hjá okkur

Komdu í heimsókn í verslun okkar að Austurvegi 11 eða skoðaðu hluta af úrvalinu á www.kalliur.is

Karl úrsmiður Selfossi

# HÓPURINN ER FRÁBÆR, GRÍÐARLEGA VINNUSAMUR OG MIKILL HUGUR Í MÖNNUM




Halldór Jóhann Sigfússon var í febrúar sl. ráðinn þjálfari meistaraflokks karla á Selfossi. Auk þess var hann ráðinn framkvæmdastjóri handboltaakademíunnar. Halldór Jóhann hefur komið víða við á ferli sínum sem leikmaður og þjálfari, bæði hérlendis og erlendis. Hér ræðir hann ferilinn og þjálfarastarfið hjá Handknattleiksdeild Selfoss

Halldór Jóhann eða Dóri eins og hann er oftast kallaður byrjaði 7 ára í handbolta hjá KA á Akureyri . Fyrsti þjálfari hans var Jóhannes Gunnar Bjarnason eða „Jói Bjarna" sem margir handboltaáhugamenn þekkja. Einnig Erlingur Kristjánsson sem þá var, ásamt Jóa, leikmaður meistaraflokks KA. Á þessum tíma var KA ekki stórt félag, spilaði mest í 2. deildinni og fór oft upp og niður um deild.

## Vorum góðir í handbolta og fótbolta

„Á þessum tíma vorum við hópur stráka sem vorum góðir í handbolta og fótbolta og fórum upp yngri flokkana hjá KA. Vorið 1992 urðum við Íslandsmeistarar á yngra ári í 4. flokki og var það jafnframt fyrsti Íslandsmeistaratitill KA í handbolta. Þá þjálfaði Árni Stefánsson okkur en hann er pabbi Stebba Árna, núverandi þjálfara KA, sem margir Selfyssingar þekkja. Á þessum árum þ.e. frá 1992 til 1997 vorum við með mjög gott lið og urðum Íslandsmeistarar á hverju ári nema tvisvar en þá töpuðum við í bráðabana. Það má því segja að ég hafi farið í gegnum yngri flokka KA með mjög sigursælu liði," segir Dóri.

## Alfreð og nýja íþróttahúsið breyttu öllu

Fyrsta meistaraflokksleikinn spilaði Dóri mjög ungur eða 15 ára um vorið 1994. Fyrsta meistaraflokkstímabil hans var svo 1994–1995. „Alfreð Gíslason kom til KA 1991 og við fengum nýja íþróttahúsið, KA-húsið, það ár. Það breytti í raun og veru öllu og gerði það að verkum að við, þessir strákar, ákváðum að velja frekar handbolta en fótbolta." KA hafði orðið Íslandsmeistari í fótbolta 1989 og voru á þessum árum með úrvalsdeildarlið eða 1. deildar lið eins og það hét þá.

„Við förum nokkrir saman þarna upp í meistaraflokk og ég varð síðan Íslandsmeistari í fyrsta skipti 1997. Það var í fyrsta skipti sem KA varð Íslandsmeistari í meistaraflokki karla. KA varð líka í fyrsta skipti bikarmeistari 1995. Við urðum svo Íslandsmeistarar 2002. Þá voru margir uppaldir leikmenn í liðinu. Áður höfðu verið nokkrir aðkeyptir leikmenn eins og t.d. Julian Duranona. Þeir voru góðar fyrirmyndir sem var gríðarlega mikilvægt. Við þurfum alltaf að hafa fyrirmyndir til að fleiri stundi íþróttina okkar. Duranona var einn af þessum einstaklingum sem hafði gríðarleg áhrif á handboltann á Akureyri. Það var alltaf fullt hús og liðið var bara mjög sigursælt. Ég upplifði það á þessum árum, þ.e. frá 1994 til 2002 á átta ára ferli með KA áður en ég fór í atvinnumennsku, að vinna alla titla og nokkra oftar en einu sinni," segir Dóri.

## Í atvinnumennsku til TSG Friesenheim

Árið 2002 hélt Dóri út í atvinnumennsku til þýska liðsins TSG Friesenheim sem núna er í efstu deildinni í Þýskalandi. Dóri fór út með þáverandi þjálfara sínum Atla Hilmarssyni sem tók hann með. Dóri spilaði þar í tvö ár og að hans sögn gekk það svona upp og ofan.

„Við náðum ágætis árangri fyrsta árið en Atli hætti eftir það. Árið á eftir var heldur strembnara bæði fyrir liðið og líka fyrir mig."

## Markamet sem enn stendur

Dóri kom síðan heim 2004 og lék eitt ár með KA. „Ég spilaði það ár gríðarlega vel, var markahæsti leikmaður mótsins og setti markamet sem meira að segja stendur enn, 229 mörk í 26 leikjum. Það er gaman að segja frá því."

Dóri segir að á þessum tíma hafi hann og Hanna Lára kona hans eiginlega verið komin heim. Hún var byrjuð í námi og hann á leiðinni í nám. Dóttir þeirra var auk þess byrjuð í skóla og fjölskyldulífið með tveimur börnum þannig komið af stað.

## Símtal frá Evrópumeisturunum

Um þetta leyti fékk Dóri símtal frá Tusem Essen í Þýskalandi. Þeir höfðu orðið Evrópumeistarar 2005, með Guðjón Val innanborðs, en urðu gjaldþrota.

„Ég ákvað að fara til þeirra þarna um haustið. Þeir héldu sjö leikmönnum af fjórtán úr þessu liði sem varð Evrópumeistari. Þeir byrjuðu því frá grunni með lið í þriðju deildinni. Mér fannst það nú ekkert sérstaklega áhugavert í fyrstu en þegar þeir ræddu við mig fannst mér spennandi miðað við leikmannahópinn að fara þarna í stórt félag. Þeir buðu líka góð laun. Við afrekuðum að fara á tveimur árum upp úr 3. deild upp í 1. deildina. Við unnum tvær deildir á tveimur árum og töpuðum ekki leik í rúmt eitt og hálft ár sem var eiginlega alveg ótrúlegt. Það var mjög gaman. Svo spilaði ég mitt síðasta ár í fyrstu deildinni í Þýskalandi. "

Eftir þetta ákváðu Dóri og Hanna Lára að koma heim. Elsta dóttir þeirra var komin í skóla og sonurinn í leikskóla. Það var því annað hvort að ákveða að vera áfram úti í mörg ár í viðbót eða fara heim. Þannig að þau ákváðu að fara heim.

## Ferilinn kláraður með Fram

Þegar heim kom gekk Dóri til liðs við Fram og kláraði feril sinn þar, spilaði frá 2008 til 2012.

„Ég vann enga titla eftir að ég kom heim. Við spiluðum reyndar tvo bikarúrslitaleiki en töpuðum þeim báðum. Ég hætti að spila 2012 vegna meiðsla, kláraði eiginlega það tímabil á öðrum fætinum eins og maður kallar það."

Um haustið, í október, hafði Ólafur Arnarson, þáverandi formaður deildarinnar, komið til Dóra og viðraði þá hugmynd við hann að taka við kvennaliðið Fram eftir tímabilið. Þá var hann búinn að tilkynna stjórninni að hann myndi hætta eftir tímabilið og líklega snúa sér að þjálfun.

## Þjálfari kvennaliðs Fram

„Það lá svolítið undir niðri hjá mér að fara í þjálfun. Ég var búinn að vera að þjálfa 2. og 3. flokk hjá Fram með góðum árangri og skila þar Íslandsmeistara- og bikarmeistaratitlum. Mér fannst það höfða vel til mín að vera þjálfari. Þetta var svona mitt næsta skref. Ég hafði í raun meiri áhuga á því heldur en að halda áfram að spila," segir Dóri.

Hann tók svo við kvennaliði Fram um haustið 2012. Þá var liðið þrisvar sinnum búið að lenda í öðru sæti og tapa í úrslitum þrjú ár í röð. Dóri tók við liðinu og náði að gera það að Íslandsmeisturum á fyrsta árinu sínu.

„Við náðum að vinna þennan langþráða Íslandsmeistaratitil sem hafði ekki unnist hjá Fram í rúm tuttugu ár, eða frá gullaldarárunum þegar Gurrý og þær voru í liðinu. Ég var með Framliðið í tvö ár en 2014 náðu FH-ingarnir mér yfir til sín," segir Dóri.

## Fimm ár með karlalið FH

Dóri þjálfaði karlalið FH í fimm ár eða frá 2014 til 2019. Hann varð deildarmeistari, bikarmeistari og deildarbikarmeistari eins og það hét. Lið FH komst tvisvar í úrslit í Íslandsmótsins, í annað skiptið á móti Val og í hitt skiptið á móti ÍBV, en töpuðu í bæði skiptin. FH-ingar voru líka einu marki frá því að komast í riðlakeppnina í Evrópudeildinni. Dóri segir það hafa verið gríðarlega svekkjandi að tapa á móti slóvakíska liðinu Tapran Presov næst síðasta árið sitt. Hann segir það hafa verið frekar sárt en ágætt fyrir budduna hjá FH. Eftir það tímabil fóru fjórir leikmenn úr FH í atvinnumennsku, Óðinn Ríkharðsson, Ágúst Elí Björgvinsson, Gísli Þorgeir Kristjánsson og Ísak Rafnsson. Hann segir að það hafi lengi legið vel fyrir sér að vinna með ungum leikmönnum og búa til góða leikmenn. „Ég var mjög stoltur að okkar strákar fóru sína leið eftir góð ár hjá félaginu. Það er ekkert við því að segja.

Mér fannst líka ágætis tímapunktur eftir fimm ár hjá FH að hætta. Mér fannst ég bara þurfa aðra áskorun.“

### Landsliðsþjálfun í Barein

Eftir árin hjá FH samdi Dóri við Barein um að þjálfa U-19 og U-21 landslið þeirra. Hann var einnig aðstoðarþjálfari Arons Kristjanssonar sem var með aðallandslið Barein. Dóri fór með U-21 á HM á Spáni og náð besta árangri í sögu Barein er þeir unnu Forsetabikarinn sem er neðrideildarbikarinn á HM. Þar eigast við liðin í 17.–24. sæti. Hann fór líka með U-19 á HM í Makedóníu og þeir gerðu það sama þ.e. unnum Forsetabikarinn líka.

„Ég átti svo að vera að vinna allt það ár með Aroni ,en það er nú svo, bæði í ákveðnum löndum og íþróttum almennt, að starfsöryggið er kannski ekki það besta. Mér var sagt upp í september vegna peningavandamála. Þeir sögðust ekki geta haft tvo evrópska þjálfara á launum. Ég kom því heim og ætlaði bara að vera þetta ár í rólegheitunum og taka smá breik frá íslensku deildinni.“

### Málum bjargað hjá Fram

Dóri ætlaði því í raun að taka pásu þetta ár.

„Ég var opinn fyrir að taka við einhverju liði erlendis ef það kæmi eitthvað. Svo þegar Framararnir létu Guðmund Helga fara þá settist í rauninni formaðurinn bara ofan á mig og fékk mig í það verk að reyna að bjarga málum. Ég bý upp í hverfi og er búinn að ala öll börnin mín í Fram þannig að mér fannst skylda mín sem gamals Framara að koma til hjálpar. Ég tók því við liðinu og var ekkert langt frá því að koma því í úrslitakeppnina. Það var alls ekki slæmur árangur. Svo kom covid og tímabilið endaði. Ég var samt búinn að semja við Selfoss um næsta tímabil áður en það gerðist. Ég var búinn að vera í viðræðum við Selfoss allan janúarmánuð. Það lá því alltaf fyrir áður en covid kom til sögunnar að ég kæmi hingað á Selfoss.“

### Langaði í atvinnuþjálfun og vera með lið með góða umgjörð

Þegar Dóri er spurður hvað hafi orðið til þess að hann ákvað að taka við liði Selfoss svarar hann: „Ég var með tilboð og fyrirspurnir að utan frá liðum sem höfðu áhuga. Það voru ekki mörg lið hér á Íslandi sem mig langaði að þjálfa. Mig langaði að fara í atvinnuþjálfun og vera með lið með góða umgjörð. Þegar Selfoss kom upp og Þórir hringdi í mig og bauð mér í hádegismat og við fórum að spjalla kom í ljós að þar var margt sem tikkaði í boxin hjá mér. Það var margt sem Selfoss gat boðið upp á. Það er náttúrulega þessi akademía hérna og að vinna með ungum leikmönnum ásamt því að vera þjálfari í fullu starfi. Það er líka gríðarlega öflugt starf í kringum liðið.“

### Stórt teymi í kringum þetta

Dóri heldur áfram og bætir við: „Ég er með frábæran aðstoðarþjálfara í Erni Þrastar og styrktarþjálfara í Rúnari Hjálmars. Jóndi er líka að hluta til styrktarþjálfari og sjúkraþjálfari. Við erum með gríðarlega stórt teymi í kringum þetta, bæði í sjálfboðaliðum og stjórnarmönnum. Hér er mjög faglegt og flott starf. Svo náttúrulega hef ég fylgst með uppgangi Selfoss á síðustu árum. Ég var með FH þegar við unnum þá í undanúrslitum hér um árið og þá fann maður kraftinn í fólkinu. Það er gaman að sjá hvað mikið hefur gerst á þessum árum. Mér fannst það heilla. Þetta var mest heillandi þjálfarastarf sem var í boði á Íslandi. Ég get því verið atvinnuþjálfari með akademíuna með þessu. Það truflaði mig ekkert að þurfa að keyra yfir heiðina.“

„Við þurfum að eiga gott lið og hafa umhverfi svo allir atvinnumaennirnir okkar, þessir frábæru strákar sem eru að spila út um alla Evrópu, vilji koma heim á Selfoss þegar þeir koma heim aftur.“



*Þjálfarinn einbeittur á hliðarlínunni.* *Mynd: Mummi Lú.*

### Gaman að taka „challenge“

Þegar talið berst að Selfossliðinu segir hann að það hafi vitaskuld orðið breytingar á því og að sér finnist gaman að taka „challenge“ þegar kannski aðrir myndu ekki fara í það.

„Það hafa orðið breytingar frá því liðið var




á toppnum. Við vissum að við þyrftum að spyrna við þar, bæði með því að hlúa vel að yngri leikmönnunum og svo auðvitað að sækja góða leikmenn innan okkar fjárhagslega ramma. Og svo að fara af stað með uppbyggingu sem mun örugglega taka einhvern tíma. Mér fannst það mjög heillandi. Maður veit aldrei þegar maður er í íþróttum að þjálfa hve lengi maður verður á hverjum stað. Við settum niður þriggja ára plan þar sem við ættum að vera komnir aftur á toppinn. Ef það gerist fyrr verðum við auðvitað himinlifandi."

## Þurftum sterkan leikmann í staðinn fyrir Hauk

Dóri segir að um leið og hann var ráðinn hafi verið alveg ljóst að Selfoss þyrfti sterkan leikmann í staðinn fyrir Hauk. Það var það fyrsta sem hann spáði í.

„Ég var strax með Guðmund Hólmar í huga og lagði mikið upp úr því að fá hann. Við þurftum sterkan varnarmann líka. Hann var líka hugsaður sem ákveðinn mentor fyrir Tryggva Þóris. Þessi blanda af yngri og eldri leikmönnum, eins og Atla Ævari sem er gríðarlega reyndur og einn besti línumaðurinn á landinu, er mjög góð. Það eru náttúrulega fleiri leikmenn þarna eins og Einar Sverris sem er búinn að spila í mörg ár. Hergeir er ekki gamall en er búinn að spila í mörg ár og vinna titla sem er gríðarlega mikilvægt og þroskandi ferli."

## Selfoss svipað dæmi og hjá KA

„Ég leit líka á Selfoss eins og svipað dæmi og þegar ég var að alast upp í KA. Þá voru margir heimamenn og mikið hjarta í liðinu. Ég var mjög heillaður af því hérna á Selfossi."

Dóri segir að þegar hann hafi farið að rýna í statistíkina yfir síðasta tímabil hafi hann strax séð að það væri ekki viðundndi að fá á sig 31 mark að meðaltali í leik. Hann fór því strax í það með Gumma að „stabilisera" vörnina og fékk til liðsins Vilius, gríðarlega öflugan markmann.

„Við vildum koma þessum tölum niður því við vissum að við myndum ekki skora eins mikið á þessu tímabili og síðast, m.a. í ljósi þess að Haukur var langbesti sóknarmaðurinn í deildinni í fyrra. Það yrðu því færri mörk sem kæmu og við þyrftum að vinna meira til baka. Svo hefur það bara alls staðar verið þannig þar sem ég hef komið að ég hef byrjað á því að laga varnarleikinn og vinna svo frá varnarleiknum yfir í sóknarleikinn. Það er bara þannig að ef þú ætlar að vinna titla þarftu að spila vörn. Varnarleikurinn getur alltaf gefið mörk en sóknarleikurinn gefur ekki vörn. Ég hafði ákveðnar hugmyndir um hvernig ég vildi gera þetta. Ég er að vísu ekki búinn að vera lengi en ég sé alveg bata á liðinu varnarlega en við eigum fullt inni sóknarlega."

## Kominn ákveðinn kúltúr á Selfossi

Þegar Dóri er spurður hvernig hafi almennt gengið eftir að hann byrjaði svarar hann:

„Það hefur bara gengið mjög vel. Hópurinn er frábær, gríðarlega vinnusamur og mikill hugur í mönnum. Þegar ég tók við sá ég strax að það var búið að breyta miklu hérna og búa til kúltúr. Hérna eru leikmenn sem haga sér eins og atvinnumenn. Við viljum líka að ungu leikmennirnir komi upp í hópinn og sjái þessa leikmenn og alist upp við það að þeir eigi að hugsa um sig eins og atvinnumenn alveg frá fyrsta degi. Þeir eru náttúrulega hérna nánast eins og atvinnumenn, æfa á morgnana í akademíunni, eru svo í skólanum á daginn og á æfingum á kvöldin. Þetta hefur gríðarlega mikið að segja. Þetta hefur bara gengið virkilega vel."

## Erfitt að halda fókus þegar ekki sér fram á veginn

Dóri var spurður hvaða áhrif covid-faraldurinn hefði haft á liðið.

„Stopið í ágúst, sem við héldum að yrði síðasta stoppið, setti smá strik í reikninginn. Svo hefur þetta náttúrulega verið erfitt núna upp á síðkastið. Við gátum reyndar á tímabili æft á meðan liðin á höfuðborgarsvæðinu gátu það ekki. Þegar menn sáu ekki fram á veginn var svolítið erfitt að halda fókus, en mér finnst búinn að vera mikill stígandi í okkur. Ég er að eðlisfari bjartsýnn maður og vonast til að sá stígandi haldi áfram til að við getum byrjað og haldið áfram að styrkja bæði okkar ungu leikmenn og auðvitað þessa eldri líka þannig að við getum verðið samkeppnishæfir á öllum vígstöðvum, að við getum blandað okkur í hvaða baráttu sem er."

## Þurfum meiri festu og stöðugleika í okkar leik

Hvað með markmið fyrir tímabilið? „Við settum okkur svo sem engin sérstök markmið fyrir tímabilið um að við ætluðum að vinna þetta eða hitt eða eitthvað svoleiðis. Aðalmálið er að vera ekki eins rokkandi og síðasta tímabil, að við náum meiri festu og stöðugleika í leik okkar. Það hefur ekki gengið alveg nógu vel. Það var orðið nokkuð gott á undirbúningstímabilinu en leikurinn á móti Aftureldingu t.d. var hausverkur og er það svo sem enn. Með því að ná meiri festu í okkar leik er ég búinn að segja strákunum að okkur séu í raun og veru allir vegir færir. Það munu alltaf vera mismunandi leikdagar hjá hinum liðunum líka."

## Viljum vera samkeppnishæf og vinna titla

En hvernig sér Halldór tímabilið fyrir sér þegar það fer af stað?

„Bestu liðin eru Haukar og Valur. Þau tvö lið finnst mér vera með bestu leikmannahópana. Þar eru líka menn að koma inn í stöður, ekki bara með hæfileika heldur líka með mikla reynslu og hafa unnið titla. FH getur auðvitað líka blandað sér í þetta. Þessi þrjú lið með alla sína leikmenn heila eru klárlega þau sterkustu. Flest öll liðin, eins og við, eru með fína hópa. Við erum inn á milli með afar unga leikmenn. Ísak er t.d. 17 ára og Tryggvi 18 ára og þeir eru að spila stór hlutverk hjá okkur. Daníel er 19 ára og Hannes og Guðjón tvítugir. Þetta eru óttalegir kjúklingar þannig lagað en þeir hafa sem betur fer alist upp í frábæru umhverfi og fengið að vinna titla í yngri flokkunum og slíkt. Það er gríðarlega mikilvægt. Það mun hjálpa þeim í framtíðinni. Við höfum hug á því að betrumbæta hópinn og vera samkeppnishæf á næstu árum um alla titla. Það á að vera svoleiðis á Selfossi þ.e. að við viljum vera samkeppnishæf og vinna titla. Við þurfum að eiga gott lið og við þurfum að hafa umhverfi svo að allir atvinnumennirnir okkar, þessir frábæru strákar sem eru að spila út um alla Evrópu, vilji koma heim á Selfoss þegar þeir koma heim aftur."

## Tímabundið starf í Barein

Eftir viðtalið var tilkynnt í fjölmiðlum að Dóri hefði verið ráðinn tímabundið í starf landsliðsþjálfara Barein en liðið tekur þátt í HM í Egyptalandi í janúar 2021. Um tímabundna ráðningu er að ræða og mun Dóri koma til Selfoss að því verkefni loknu og halda áfram starfi sínu í mjólkurbænum.

*Viðtal: ÖG*



# Bankaþjónustan þín er í Landsbankaappinu

## Í appinu getur þú:

- » Greitt reikninga
- » Breytt kreditkortaheimild
- » Skráð kortin þín í snertilausar greiðslur
- » Sótt um Aukalán
- » Millifært á innlenda og erlenda reikninga
- » Skoðað greiðsluseðla og rafræn skjöl
- » Stofnað netbankaaðgang og komið í viðskipti
- » Haft yfirsýn yfir öll þín fjármál
- » Og svo margt fleira




Google Play App Store

# STEFNI Á AÐ VERA KLÁR NÆSTA HAUST
## - HAUKUR ÞRASTARSON, KIELCE PÓLLANDI

Fyrir um ári síðan var ljóst að Haukur Þrastarson myndi halda út í atvinnumennskuna eftir tímabilið 2019-20, en Haukur samdi við pólska stórliðið Kielce til fimm ára. Áður hafði hann spreytt sig með landsliðinu á sínu fyrsta EM en mótið var haldið í Svíþjóð og Danmörku í upphafi árs. Síðan kom upp faraldur hér á landi sem varð til þess að síðastliðið tímabil varð heldur endasleppt. Eftir þessa handboltapásu hélt Haukur út til Póllands en varð fyrir því óláni að meiðast rétt áður en hann fór út. Það var því mjög svekkjandi, eftir góða endurhæfingu, að í ljós kom að hann hafði slitið krossband í leik gegn Elverum í Meistaradeild Evrópu í september.

„Já, ég kom fótbrotinn út og missti af öllu undirbúningstímabilinu og byrjuninni á tímabilinu. En ég var síðan kominn á gott skrið, búinn að spila nokkra leiki og farinn að komast almennilega inn í hlutina og aðlagast liðinu betur og nálgast mitt besta form aftur. Þar af leiðandi var það mjög svekkjandi þegar ég meiddist aftur og kom í ljós að krossbandið væri slitið og tímabilið búið," segir Haukur. Haukur er ekki fyrsti Selfyssingurinn sem leikur með Kielce. Þórir Ólafsson lék með liðinu frá 2011 til 2014. Haukur segist ánægður með félagið og umgjörðina.



Haukur Þrastarson í leik með Kielce gegn Pick Szeged í Evrópukeppninni.



„Kielce er frábær klúbbur, einn af þeim bestu í Evrópu, umgjörðin í kringum allt er mjög góð þannig það er ekki yfir neinu að kvarta. Mín upplifun af klúbbnum á þessum fyrstu mánuðum hefur eingöngu verið mjög góð og ég finn mig vel þarna. Það er allt til fyrirmyndar hvað varðar umgjörðina í kringum klúbbinn. Mikil stemning á leikjum og mikill áhugi á liðinu. Hvað varðar þjálfun þá held ég að ég gæti ekki verið á mikið betri stað, Talant [Dujshebaev] er heimsklassa þjálfari og ég hef lært mikið af honum nú þegar og er mjög ánægður hvað það varðar."

*Hvernig er að koma frá Selfossi í stórlið á borð við Kielce?*

„Auðvitað eru það viðbrigði, en það hefur þó gengið vel að komast inn í hlutina þarna úti. Handboltalega eru þetta auðvitað meiri gæði en maður er vanur, enda að æfingar með heimsklassa leikmönnum á hverjum degi. Mikið af hlutum sem maður þarf að læra og vera fljótur að komast inn í, en hefur gengið mjög vel."

*Nú hefst löng og ströng endurhæfing. Ætlar Haukur sér að vera klár fyrir næsta tímabil?*

„Ég fékk að koma til Íslands og fara í aðgerð. Ég fór í aðgerð í síðustu viku [um miðjan nóvember] sem gekk vel og er að jafna mig eftir hana. Svo tekur við meðhöndlun hjá Jónda [Jóni Birgi Guðmundssyni sjúkraþjálfara] fyrstu mánuðina þangað til ég fer aftur til Póllands. Tímabilið núna er búið hjá mér en ég stefni á að vera klár næsta haust þegar nýtt tímabil hefst," segir Haukur.












Vélaverkstæði
ÞÓRIS

GLEÐILEG JÓL

OG FARSÆLT KOMANDI ÁR

ÞÖKKUM ÁNÆGJULEG VIÐSKIPTI

# COVID-19 FARALDURINN
## HEFUR HAFT MIKIL ÁHRIF Á ÍÞRÓTTASTARF

Ekki þarf að fjölyrða um áhrif COVID-19 faraldursins á íþróttastarfsemi líkt og annað í þjóðfélaginu. Æfingar og keppni féllu niður snemma í vor í nokkrar vikur og var óvenjulegur endir á tímabilinu. Aftur reis bylgja nú undir lok september og var öllu mótahaldi frestað frá og með 6. október.

Á meðan bíða óþreyjufullir krakkar heima eftir að komast á æfingar. Blessunarlega er búið að opna aftur fyrir æfingar hjá yngstu kynslóðinni (þegar þetta er skrifað). Einnig ríkir bjartsýni um að hægt verði að spila handbolta aftur í meistaraflokki öðru hvoru megin við áramót, en áður en fyrsti leikur fer fram þurfa félögin að fá hið minnsta 3-4 vikur til að æfa sig saman að nýju eftir langt hlé. Ástandið hefur haft margvísleg áhrif á allt starf íþrótta. Þar má helst nefna bann við æfingum hjá öllum iðkendum sem og hið fjárhagslega tjón. Rætt var við þau Þóri Haraldsson formann handknattleiksdeildar Selfoss, Einar Guðmundsson yfirþjálfara yngri flokka Selfoss og Auði Ingu Þorsteinsdóttur framkvæmdastjóra UMFÍ um ástandið og hvernig það hefur bitnað á íþróttalífinu.

## TAKMARKANIR VEGNA COVID HAFA HAFT MARGVÍSLEG ÁHRIF Á STARF DEILDARINNAR

**Þórir Haraldsson formaður handknattleiksdeildar Selfoss:**



*Hvernig hefur Covid-ástandið í þjóðfélaginu haft áhrif á starf deildarinnar?*
Fyrir ári síðan vorum við grandalaus um að þessi veira myndi yfirtaka allt og umturna lífi okkar flestra. Þannig er líka um starf handknattleiksdeildarinnar á árinu. Æfingar voru bannaðar, flestum leikjum og mótum allra aldursflokka var aflýst frá og með miðjum mars, Íslandsmótum var aflýst í apríl, ekki var hægt að ljúka keppnum, engir Íslandsmeistarar krýndir og lið féllu úr deildum og komust upp um deildir á grundvelli stöðu í ókláruðum deildum.

Í þeirri stöðu fékk m.a. kvennaliðið okkar ekki tækifæri til að tryggja sér sæti í Olísdeildinni. Mikill hluti af verkefnum yngri flokka, þar á meðal lokamótin, féllu niður. Deildin og félög um allt land lengdu tímabilið út júní og buðu upp á mót í júní til að iðkendur fengju verkefni. Á hinn bóginn verður karlaliðið okkar áfram ríkjandi Íslandsmeistari a.m.k. fram til næsta vors.

Haustið leit ágætlega út, undirbúningstímabilið og æfingaleikir voru markaðir fjöldatakmörkunum en æfingar og leikir allra aldursflokka gátu farið fram þó sóttvarnarráðstafanir væru mjög íþyngjandi, þar á meðal áhorfendabann. Frá því í byrjun október hafa engir leikir farið fram og um nokkurra vikna skeið hafa æfingar verið bannaðar, jafnvel hjá yngri flokkunum sem er auðvitað mjög niðurdrepandi fyrir fjöruga og áhugasama iðkendur.

*Hvaða áhrif hefur þetta haft á fjárhag deildarinnar?*
Takmarkanir vegna Covid hafa haft margvísleg áhrif á starf deildarinnar. Það ber auðvitað hæst fjárhagslegu áhrifin þegar aðal fjáraflanir okkar á síðasta tímabili hreinlega hurfu, tekjur af leikjum, úrslitakeppni, yngri flokka mótum, áhrif á aðrar fjáraflanir, að því ógleymdu að margir stuðningsaðilar deildarinnar hafa orðið fyrir miklu tjóni og geta því ekki stutt deildina eins og þeir vilja. Á vormánuðum var þetta beina tjón orðið vel á annan tug milljóna króna. Í haust voru tekjur af leikjum auðvitað bara lítill hluti þess sem verið hafa á undanförnum árum, tekjur frá auglýsendum og styrktaraðilum hafa dregist saman og sala árskorta hrunið. Þrátt fyrir mikla vinnu sjálfboðaliða og nýjar fjáraflanir sem við höfum ráðist í, er staðan auðvitað erfið.

Þegar leikir fara ekki fram missir deildin auðvitað ekki bara tekjur, heldur tapast sambandið við áhugamennina, áhorfendur og aðra stuðningsmenn. Þannig minnkar samkenndin, tengingin við samfélagið og erfitt verður að virkja samtakamáttinn. Þegar æfingar eru bannaðar, hvað þá hjá yngri flokkunum líka, hverfur til viðbótar allt líf úr Hleðsluhöllinni, samskiptin við iðkendur breytast í einhvers konar fjarsamband, ákefðin og gleðin hverfur úr húsinu. Þetta ástand er auðvitað grábölvað og starfsemin öll í einhverskonar dvala. Þá ríður á að þegar úr rætist og við fáum að æfa, keppa og hittast aftur að við stöndum saman, pössum að iðkendur falli ekki á brott og skili sér aftur í starfið.

*Verður hægt að klára öll mót eftir áramót hjá öllum liðum?*
Handboltahreyfingin á Íslandi stefnir að því að ljúka öllum mótum þó tafir og truflanir hafi orðið. Ólíklegt er að byrjað verði að keppa í handbolta í desember en mótahald yngri flokka, Grill 66 deildir karla og kvenna, ásamt Olísdeild kvenna munu fara á fulla ferð í janúar. Íþróttafólkið okkar fær þá vonandi að æfa og spila, foreldrar og aðrir stuðningsmenn fylgja iðkendum, ungum sem eldri.

Landsliðsverkefni munu hins vegar trufla Olísdeild karla þó mismunandi skoðanir séu á því hvort halda skuli HM í Egyptalandi þar sem við Selfyssingar eigum glæsilega keppendur. Stefnt er að því að spila fullt Íslandsmót með tveimur umferðum í Olísdeild karla en til greina kemur að stytta úrslitakeppnina aðeins og þjappa bikarkeppni HSÍ saman til að ná að ljúka mótshaldinu í júní. Eins og útlitið er, þá má búast við að handbolti verði spilaður fram í lok júní. Þannig fáum við vonandi spennandi og skemmtilega keppni á vormánuðum og fáum að mæta á leiki og sameinast í stuðningi við liðin okkar.

---

## ÞAÐ HEFUR VERIÐ ERFITT AÐ HALDA ÚTI ÞVÍ UMFANGSMIKLA OG ÖFLUGA STARFI SEM VIÐ STÖNDUM FYRIR

**Einar Guðmundsson, yfirþjálfari yngri flokka Selfoss:**

*Starf yngri flokka hefur farið úr skorðum í vetur, hvernig hefur þetta ástand haft áhrif á starfið og æfingar hjá yngri kynslóðinni?*
Það hefur verið erfitt að halda úti því umfangsmikla og öfluga starfi sem við stöndum fyrir. Töluverð röskun hefur verið á æfingum og keppni en miðað við ástandið hefur þetta gengið ótrúlega vel. Við munum koma til móts við tapaðan tíma til æfinga með því m.a. að lengja æfingatímabilið fram á sumarið.

*Hvernig hafa krakkarnir tekið þessu, hefur verið mikið brottfall af yngri iðkendum?*
Ástundun hefur verið aðeins undir því sem áður hefur tíðkast. Flestir iðkendur hafa sinnt æfingum eins og áður, en það er einnig nokkur hópur sem við kannski teljum vera viðkvæmasta hópinn sem hefur skilað sér verr á æfingar. Samfélagslegur ávinningur af þátttöku barna og unglinga í íþróttastarfi er mikill og mjög mikilvægt að við náum að halda utan um alla þá sem hafa stundað íþróttir. Það er u.þ.b. 80–90% barna og unglinga sem stunda æfingar í viðurkenndu íþróttastarfi og þetta er orðin stór hluti af þjónustu sveitarfélaga og mikilvægt að við tryggjum það að við getum tekist á við þá miklu áskorum að halda öllum hópum saman þar til taktur samfélagsins kemst aftur í eðlilegt horf.



---

## VIÐ HÖFUM AUÐVITAÐ ALLTAF ÁHYGGJUR AF BROTTFALLI UNGMENNA ÚR ÍÞRÓTTUM

**Auður Inga Þorsteinsdóttir framkvæmdastjóri UMFÍ:**



*Hvaða áhrif hefur það að börn og unglingar geti ekki stundað sína íþrótt og hitt félagana?*
Það skiptir máli hvort iðkandi stundar íþrótt sína innan ramma skipulags íþrótta- og æskulýðsstarfs eða á eigin vegum. Í niðurstöðum frá Rannsóknum og greiningu kemur fram að það sé mikill munur á þessu ef horft er m.a. til forvarnaþátta. Ef viðkomandi hættir iðkun sinni í skipulögðu starfi eru meiri líkur en minni á að hann eða hún leiti í áhættuhegðun eða fari aðra óheilbrigðari og neikvæða leið í lífinu. Þá hefur það einnig áhrif á líkamlega heilsu að geta ekki æft en ekki síður andlega og félagslega heilsu þar sem vinir og vinkonur stunda oft sína íþrótt saman.

*Hafið þið áhyggjur af því að brottfall verði mikið í íþróttastarfi ungmenna?*
Við höfum auðvitað alltaf áhyggjur af brottfalli ungmenna úr íþróttum, ekki síst vegna þess að unglingsárin eru viðkvæmur tími og geta haft talsvert að segja um það hvernig fullorðinsárin verða. Hvert ár skiptir þar máli. Þær áhyggjur okkar eru ekki minni nú í faraldrinum og við sjáum nú þegar í skráningartölunum. Heildarfjöldi skráninga er lægri en samanburðartölur undanfarinna ára, þó vissulega séu til dæmi um félög og deildir þar sem aukning hefur orðið á iðkendafjöldanum. Það þarf virkilega að vera á tánum varðandi aldursflokkinn sem ekki fékk að hefja æfingar aftur nú í nóvember (þ.e. 16 ára og eldri).

Sendum Sunnlendingum
okkar bestu óskir
um gleðileg jól
og farsælt komandi ár.

• Múrverk •
• Flotgólf •
• Flísalagnir •
• Steypuvinna •
• Byggingastarfsemi •
• Viðgerðir og viðhald •
• Utanhússmúrklæðningar •

Múr- og byggingaþjónustan
VERKTAK EHF
SELFOSSI
Berghólum 9, Selfossi, sími 892 8822




# Gjöf sem gleður alla

**Gjafakort Arion banka er alltaf rétta gjöfin.**

Nú geta viðskiptavinir pantað gjafakort á **arionbanki.is** og fengið þau send heim. Þú velur fjárhæðina, þiggjandinn velur gjöfina.

arionbanki.is

# Lokahóf
# HANDKNATTLEIKSDEILDAR




*Verðlaunahafar ásamt þjálfurum. Frá vinstri: Örn Þrastarson og Grímur Hergeirsson (þjálfarar), Grímur Bjarndal Einarsson, Ari Sverrir Magnússon, Tryggvi Þórisson, Katla María Magnúsdóttir, Hergeir Grímsson, Hulda Þrastardóttir, Haukur Þrastarson, Henriette Östergaard, Árni Geir Hilmarsson (þjálfari) og Árni Þór Grétarsson. Á myndina vantar þau Tinnu Sigurrós Traustadóttur og Árna Stein Steinþórsson.*

Lokahóf handknattleiksdeildar var haldið á Hótel Selfoss um miðjan júní. Veitt voru verðlaun fyrir árangur leikmanna í meistaraflokkum karla og kvenna ásamt ungmennaliði Selfoss. Einnig var félagi ársins útnefndur og veittar viðurkenningar fyrir 100 spilaða eða þjálfaða leiki.

**Félagi ársins:** *Árni Þór Grétarsson*
**100 leikja viðurkenning:** *Grímur Hergeirsson (þjálfari), Örn Þrastarson (þjálfari), Jón Birgir Guðmundsson (þjálfari), Haukur Þrastarson, Guðjón Baldur Ómarsson og Árni Steinn Steinþórsson.*

**Ungmennalið karla**
Markakóngur: *Ari Sverrir Magnússon (89 mörk)*
Besti leikmaður: *Grímur Bjarndal Einarsson*
**Meistaraflokkur kvenna**
Markadrotting: *Hulda Dís Þrastard. (124 mörk)*
Varnarmaður ársins: *Hulda Dís Þrastardóttir*
Sóknarmaður ársins: *Katla María Magnúsdóttir*
Efnilegasti leikmaður ársins: *Tinna Sigurrós Traustadóttir*
Baráttubikarinn: *Henriette Östergaard*
Leikmaður ársins: *Hulda Dís Þrastardóttir*
**Meistaraflokkur karla:**
Markakóngur: *Haukur Þrastarson (191 mark)*
Varnarmaður ársins: *Árni Steinn Steinþórsson*
Sóknarmaður ársins: *Haukur Þrastarson*
Efnilegasti leikmaður ársins: *Tryggvi Þórisson*
Baráttubikarinn: *Hergeir Grímsson*
Leikmaður ársins: *Haukur Þrastarson*



*Hulda Dís Þrastardóttir og Haukur Þrastarson, leikmenn ársins í mfl. karla og kvenna.*




*Árni Þór Grétarsson, félagi ársins.*




*Atli Ævar Ingólfsson og Einar Sverrisson.*

JAKO
